

Sp. 61. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um rafvæðingu dreifbýlis.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Ólafur P. Þórðarson, Jón Helgason, Þórarinn Sigurjónsson, Ingólfur Guðnason, Stefán Valgeirsson, Davíð Aðalsteinsson, Páll Pétursson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að á næstu tveim árum (1983 og 1984) verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo ljúka megi rafvæðingu býla í sveitum sem miðist við að samveita nái til allra býla landsins með allt að 6 km eins vírs línu samkvæmt áætlun Orkuráðs frá 14. apríl 1982.

Jafnframt verði gerð og lögð fram áætlun um lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitu að áætlunartímabili loknu.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur tekist að koma rafmagni frá samveitu til mikils meiri hluta allra sveitabýla í landinu.

Árið 1971 voru um 930 býli án rafmagns. Nú eru þau býli, sem þessi tillaga til þingsályktunar fjallar um og lagt er til að verði tengd samveitu, nálægt 25—30.

Í því þjóðfélagi, sem við lifum í, sjá allir og skilja hversu mikilvægt það er, að raforka sé fyrir hendi þar sem mannlíf á annað borð er.

Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga gnægð vatnsorku. Okkur ber skylda til að nýta þá orku er í fallvötnum landsins býr, en spara þess í stað innflutta olíu bæði til raforkuframleiðslu og upphitunar.

Því er skynsamlegt og hagkvæmt að ljúka rafvæðingu dreifbýlisins sem fyrst.